

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Garðabær, 27. ágúst 2025
202507-0071/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir Kópavogsbær.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019–2040, breytingu á deiliskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavelli, sem barst Náttúruverndarstofnun 11. júlí 2025.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að um sé að ræða umfangsmikið skipulagsverkefni sem taki til þróunar íbúðabyggðar og samfélagsþjónustu, þar með talið nýrrar þjónustumiðstöðvar, á svæði innan þéttbýlismarka í austanverðum Kópavogi. Gert er ráð fyrir að gildandi deiliskipulag Vatnsendahlíðar verði felld úr gildi og nýtt deiliskipulag unnið fyrir bæði Vatnsendahlíð og Vatnsvík.

Skipulagssvæðið er um 150 ha að stærð og spannar meðal annars núverandi lúpínuvaxið land, graslendi, skóglendi og mólendi, með nálægð við verndarsvæði á borð við Guðmundarlund og Elliðavatn. Í skipulagslýsingunni er sérstaklega bent á að gerð verði vistfræðilegar og jarðfræðilegar greiningar í upphafi skipulagsvinnu.

Gróður og vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að stór hluti svæðisins sé lúpínuvaxinn, en einnig komi þar fyrir graslendi, skóglendi, mólendi og moslendi.

Náttúruverndarstofnun bendir á eftirfarandi atriði sem nauðsynlegt er að leggja áherslu á í áframhaldandi vinnu við skipulagstillögur:

- Gerð verði nákvæm kortlagning vistgerða á öllu skipulagssvæðinu,
- Sérstaklega verði kortlagt hvort á svæðinu sé grasmóavist eða annað graslendi á láglandi
- Vistgerðir verði metnar með tilliti til náttúrulegrar fjölbreytni og vistfræðilegs gildi, óháð ágengum tegundum á borð við lúpínu.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að æskilegt sé að gera úttekt á fuglalífi áður en til framkvæmda kemur.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið

aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Stofnunin leggur áherslu á eftirfarandi við skipulagsvinnuna:

- Fram fari árstíðabundin fuglatalning og vettvangsvinna til að meta tegundasamsetningu, varp og búsvæði.
- Sérstök áhersla verði lögð á vernd og greiningu búsvæða fyrir ábyrgðartegundir Íslands, t.d. spóa (*Numenius phaeopus*), lóu (*Pluvialis apricaria*) og hrossagauk (*Gallinago gallinago*), sem Ísland ber alþjóðlega verndarskyldu gagnvart.
- Metin verði möguleg áhrif framkvæmda á flugleiðir fugla, m.a. með tilliti til landmótunar, hávaða og lýsingar.
- Vegna nálægðar við Elliðavatn, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og er á tillögu Náttúrufræðisstofnunar að B-hluta náttúru-minjaskrár, er nauðsynlegt að metin verði áhrif tillögunnar á fuglalíf og búsvæði í samspili við þetta viðkvæma vatnasvæði.
- Niðurstöður verði nýttar sem forsendur fyrir mótun verndarsvæða, íbúðarsvæða og útivistarsvæða í skipulagi.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð kemur fram að landslagsgreining sé meðal þeirra greininga sem fyrirhugað er að framkvæma sem hluta af forsenduvinnu við gerð skipulagstillögu. Jafnframt kemur fram að svæðið sé í halla frá vestri til austurs að Elliðavatni og að áhersla sé lögð á vistvæna byggð og tengingu við náttúru og útivistarsvæði.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á eftirfarandi atriði í tengslum við landslag og ásýnd:

- Að landslagsgreining verði unnin með hliðsjón af sjónrænum tengslum við Elliðavatn, Guðmundarlund og nærliggjandi útivistarsvæði.
- Að metin verði áhrif á útsýni að og frá svæðinu, sérstaklega frá vinsælum gönguleiðum við Elliðavatn og Guðmundarlundi.
- Að mótun byggðar taki mið af náttúrulegu landformi og landmótun verði stillt í hóp
- Að hæðir bygginga, þéttleiki og staðsetning verði mótuð vandlega

Fráveita

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að samhliða uppbyggingunni verði sérstaklega hugað að blágrænum ofanvatnslausnum. Aðskilnaður fráveitu og regnvatns dregur úr álagi á fráveitukerfi sveitarfélagsins og minnkar umfang og kostnað við skólphreinsun.

Stofnunin hvetur sveitarfélagið til að leggja áherslu á náttúrulegar lausnir (*nature-based solutions*), s.s. grænþök (*green roofs*), regngörðum (*rain gardens*), regntjörnum (*retention ponds / stormwater ponds*), gegndræpum yfirborðslausnum (*permeable surfaces*) og öðrum blágrænum ofanvatnslausnum, frekar en að veita regnvatni beint í fráveitukerfi. Með því má stuðla að náttúrulegri síun og jafnframt auka vistfræðilegt gildi byggðarinnar.

Náttúruverndarsvæði og stefna sveitarfélagsins

Í skipulagslýsingu kemur fram að innan svæðisins séu tvö hverfisverndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs: Guðmundarlundur (HV-18) og Elliðavatn (HV-14). Elliðavatn er jafnframt á tillögu að B-hluta náttúruminjaskrár, m.a. vegna vatnavistgerða. Helstu ógnir við þetta verndarmarkmið að mati Náttúrufræðistofnunar er vaxandi byggð sem þrengir víða að vatninu og vatnsmiðlunin hefur breytt eiginleikum þess. Mengun yfirborðsvatns sem rennur í vatnið, iðnaður og vaxandi umferð fólks um svæðið.¹

Náttúruverndarstofnun bendir á að við mótun skipulagstillögu þurfi að tryggja að þróun byggðar virði verndarákvæði fyrir þessi svæði, með skýrum mótvægisáðgerðum og skipulagstáknum sem afmarka verndargildi þeirra í aðalskipulagi og deiliskipulagi.

Í aðalskipulagi Kópavogs 2019–2040 er lögð áhersla á að vernda og efla náttúruleg svæði og líffræðilegan fjölbreytileika í tengslum við þróun byggðar, og bendir stofnunin á að skipulagsvinna á svæðinu skuli styðja við þá stefnu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur

¹ <https://www.natt.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/ellidavatn>